

FRÉTTA BRÉF

FÉLAGIÐ ÍSLENSK ÆTTLEIÐING - 1. TBL. - MAÍ 1996

Á næstunni:

Bingó - Pizza

Sunnudaginn 19. maí ætlum við að hittast, spila bingó og borða pizzur á eftir.

Bingóið verður haldið að Síðumúla 11, 2. hæð og byrjar kl. 14.00.

*Veglegir vinningar í boði
Heitt á könnunni*

Norðurland

Laugardaginn 18. maí verður loksins af fyrirhuguðum fundi á Akureyri. Þar gefst tækifæri til að ræða hvernig stjórn félagsins getur sem best komið til móts við óskir félagsmanna á þessu svæði.

*Nánar verður tilkynnt
bréflega um stað og stund*

Útilega

Útilega félagsins þetta sumar verður helgina 19. til 21. júlí í Reykholti, Biskupstungum, (Aratungu) sem er í 93 km. fjarlægð frá Reykjavík.

Ágæt tjaldastaða er að Reykholti, vatnssalerni og heitt og kalt rennandi vatn. Við tjaldsvæðið er sundlaug með vatnsrennibraut, heitum pottum og gufubaði, leikvöllur og íþróttavöllur. Hægt er að fá inni í farfuglaheimili í húsi Reykholtsskóla í svefnpoka-plássi eða uppabúnum rúmum.

Ýmsir afþreyingamöguleikar eru til staðar t.d. fallegar gönguleiðir, hestaleiga, veiðileyfi, heimsóknir í gróðurhús o.fl. Útimarkaður er að Reykholti þar sem seld eru m.a. blóm og grænmeti úr gróðurhúsum í nágrenninu.

Nánari upplýsingar um verð og frekari tilhögun þegar nær dregur útilegu.

Meðal efnis:

Bls. 2-3 Inlandsferð

Bls. 4 Mjólk og ættleidd börn

Bls. 3 Fræðslufundur

Bls. 5 Nýir Íslendingar.